

2328. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 12. mars 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason

Á Teams:

Tinna Hrund Hlynsdóttir
Þorkell Máni Pétursson

Forföll:

(engin)

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smárasón samskiptastjóri sem ritaði fundargerð
Axel Kári Vignisson lögfræðingur

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ gerði tillögu um skipan varaformanna, þau Helgu Helgadóttur sem fyrsta varaformann og Inga Sigurðsson sem annan varaformann. *Stjórn samþykkti tillögu formanns.*
2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2327). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
 - b. Í framhaldi af bókun í fundargerð stjórnar KSÍ frá fundi nr. 2325 dags 12. febrúar 2025 liggur fyrir athugasemd við ritun þeirrar bókunar. Meðfylgjandi er uppfærð bókun á lið 5. c. í fundargerð nr. 2325 dags. 12. febrúar 2025.
Formaður greindi frá nýlegum fundi á vegum ÍTF, KSÍ, ÍSí, KKÍ og Deloitte um skattamál þar sem farið var yfir þau samskipti sem hafa verið á milli skattayfirvalda og íþróttahreyfingarinnar á undanförunum árum og síðustu misserum varðandi greiðslur innan hreyfingarinnar í formi launþega/verktaka. Í kjölfar þess fundar var ákveðið að stofna starfshóp með fulltrúum frá lykilaðilum innan íþróttahreyfingarinnar og var lagt til að Sveinn Gíslason stjórnarmaður yrði tilnefndur í hópinn fyrir hönd KSÍ. Umræddur starfshópur mun sjá um samskipti við yfirvöld varðandi umrædd skattmál hreyfingarinnar og leggja fram samræmdar hugmyndir að fyrirkomulagi þessara mála hjá íþróttahreyfingunni. *Stjórn samþykkti þessa uppfærða bókun.*
3. Fréttir af vettvangi ÍTF
 - a. Heimir Fannar Gunnlaugsson flutti fréttir af vettvangi ÍTF. Aðalfundur ÍTF hefur verið haldinn þar sem ný stjórn var kosin, og ársskýrsla og áætlanir kynntar fyrir félögunum innan ÍTF. Sjónvarps- og markaðsréttindi eru á meðal meginviðfangsefna ÍTF og Heimir Fannar fór yfir stöðu mála hvað þetta varðar.
 - b. Heimir Fannar sagði frá umfjöllun innan ÍTF um skattamál og nefndi m.a. nýlegan fund um málefnið sem haldinn var að frumkvæði ÍTF. Stjórn ræddi um skattamál hreyfingarinnar almennt, og samstöðu og samvinnu KSÍ og ÍTF í þeim málum. Á fyrrgreindum fundi um skattamál var skipaður starfshópur um málefnið. Ólafur Hrafn

Ólafsson er fulltrúi ÍTF í starfshópnum og Sveinn Gíslason er fulltrúi KSÍ.

- c. Þá sagði Heimir Fannar frá umfjöllun innan ÍTF um flutning afreksleikmanna milli liða og fór ítarlega yfir verkefnið og stöðu þess. Stjórnarmenn KSÍ skiptust á skoðunum, ræddu ýmsa fleti og lögðu fram spurningar um verkefnið, stöðu þess og framgang, og Heimir Fannar var til svara. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela Laga- og leikreglnanefnd (LLR) að undirbúa minnisblað um málið sem yrði lagt fyrir næsta fund stjórnar.*
- d. Fram kom í máli Heimis Fannars að það sé eindreginn vilji stjórnar ÍTF að færa aðsetur samtakanna í Laugardalinn, í húsnæði KSÍ. *Stjórn KSÍ fagnar þessu og nánara samstarfi milli KSÍ og ÍTF almennt.*

4. Lög og reglugerðir

- a. Axel Kári Vignisson lögfræðingur KSÍ fór yfir tillögur Laga- og leikreglnanefndar (LLR) að breytingum á reglugerðum í kjölfar samþykktar á tillögum á ársþingi KSÍ þann 22. febrúar síðastliðinn.
 - i. Tillaga LLR að breytingu á reglugerð um aga- og úrskurðarmál, áminningar og leikbönn. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*
 - ii. Tillaga LLR að breytingu á reglugerð um knattspyrnumót, varamenn og starfsfólk. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*
- b. Þá kynnti Axel Kári breytingar á FIFA reglugerð um fæðingarorlof kvenna og á FIFA reglugerð um samningssamband þjálfara og félags. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela lögfræðingi KSÍ að vinna minnisblað um breytingarnar, sem verður lagt fyrir næsta fund stjórnar.*

5. Skipan í nefndir og starfshópa

- a. Stjórn KSÍ samþykkti skipan í eftirtaldar nefndir:

Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

Ingi Sigurðsson, formaður

Helga Helgadóttir

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Pálmi Haraldsson

Sveinn Gíslason

Starfsmenn: Bryndís Einarsdóttir og Eysteinn Pétur Lárusson

Dómaranefnd

Egill Már Markússon, formaður

Halldór B. Jóhannsson

Bryndís Sigurðardóttir

Oddur Helgi Guðmundsson

Hjalti Þór Halldórsson

Starfsmenn: Magnús Már Jónsson, Pjetur Sigurðsson og Þóroddur Hjaltalín

Mótanefnd

Helga Helgadóttir, formaður

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Ingi Sigurðsson

Linda Hlín Þórðardóttir

Björn Friðþjófsson
Sveinbjörn Másson
Þórarinn Gunnarsson
Baldur Már Bragason – ÍTF
Starfsmenn: Birkir Sveinsson og Guðlaugur Gunnarsson

b. Skipan í aðrar nefndir var frestað til næsta stjórnarfundar.

6. Móta- og dómaramál

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar greindi frá því að stefnt sé að því að gefa út staðfesta niðurröðun í Bestu deild kvenna, Bestu deild karla og Mjólkurbikarnum í vikunni. Lengjubikarinn og niðurröðun seinni hluta þess móts er ákveðin áskorun að sögn Helgu, m.a. vegna æfingaferða félaga. Umræða var undir liðnum um vetrarmót almennt, m.a. Reykjavíkurmót og Lengjubikar, og tímalínu mótanna innan ársins.
- b. Halldór Breiðfjörð Jóhannsson fór yfir nokkur atriði frá dómaranefnd - m.a. skipan nefndarinnar, þjálfarateymi dómara og afreksmál. Þá fór Halldór einnig yfir komandi breytingar á knattspyrnulögunum. *Stjórn KSÍ samþykkti að innleiða komandi breytingar á knattspyrnulögunum frá og með fyrsta leik í Mjólkurbikar KSÍ 2025.*
- c. Gylfi Þór Orrason hefur um langt árabil haft veg og vanda að utanumhaldi og uppfærslu á íslenskri þýðingu knattspyrnulaganna. Gylfi hefur lagt mikla vinnu í það verkefni og sinnt því af mikilli vandvirkni og hann á þakkir skildar fyrir sitt framlag. *Stjórn KSÍ vill koma á framfæri miklum og góðum þökkum til Gylfa fyrir hans störf.*

7. Leyfiskerfi og vallarleyfi - Staða mála

- a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála gagnvart leyfiskerfi KSÍ, yfirferð leyfisstjórnar á leyfisgögnum félaga og útgáfu þátttökuleyfa. Fyrri fundur leyfisráðs fer fram 13. mars og seinni fundur 20. mars.
- b. Undirbúningur vegna útgáfu vallarleyfa stendur yfir og munu tillögur til stjórnar verða afgreiddar á fundi mannvirkjanefndar 25. mars næstkomandi.
- c. Handbók leikja 2025 var lögð fram til kynningar. Handbókin byggir að miklu leyti á reglugerð um knattspyrnumannvirki og leyfisreglugerð. *Stjórn KSÍ samþykkti Handbók leikja 2025.*

8. Landsliðsmál

- a. Þorvaldur Örlygsson formaður fór yfir ýmislegt tengt landsliðsmálum, komandi verkefni og annað. Í marsmánuði t.a.m. leika landsliðin alls 13 leiki, þar af 10 á dagabilinu 19.-25. mars, og fimm leikir fara fram dagana 2.-8. apríl.

9. Laugardalsvöllur

- a. Þorvaldur formaður og Eysteinn framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála á framkvæmdum við Laugardalsvöll. Verkin ganga vel og verkefnið er á áætlun. Reiknað er með að sáning í leikflötinn verði um miðjan apríl. Unnið er að því meta stöðu ljósa í flóðljósamöstrum og stefnt að því að fá ljósmælingaraðila á næstu vikum. Verið er að vinna að kostnaðargreiningu og nýju skipulagi á rými í Baldurshaga og á búningsklefasvæði.

10. UEFA og FIFA þing

- a. Þing UEFA verður haldið í Belgrad, Serbíu í apríl og þing FIFA í Asuncion, Paragvæ í maí.

KSÍ mun að sjálfsögðu senda sína fulltrúa á bæði þing.

11. Önnur mál

- a. ÍSí þingið 2025 verður haldið 16.-17. maí þar sem KSÍ á rétt á 6 fulltrúum. Kosið verður um nýjan forseta ÍSí á þinginu.
- b. Undirritun á trúnaðaryfirlýsingu - Allir stjórnarmenn hafa trúnaðaryfirlýsingu vegna starfa sinna fyrir KSÍ.
- c. Heimir Fannar ræddi um veðmál og ábyrgð félaga og leikmanna, um hvernig væri hægt að fræða leikmenn og aðra fulltrúa félaganna um gryfjurnar í veðmálum, og að félögin sjálf og leikmenn og/eða aðrir fulltrúar félaganna taki ábyrgð. ÍTF og KSÍ eru bæði með verkefni í vinnslu og undirbúningi sem snúa að fræðslu um veðmál og veðmálafíkn. Margir stjórnarmenn tóku til máls, lýstu yfir áhyggjum sínum af þessum málum almennt, og fögnuðu því jafnframt að ýmis verkefni væru í bígerð.

Fundi slitið kl. 18:30.

Fundarritari: Ómar Smárason

Næsti fundur boðaður 10. apríl.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson